

Meginreglur helgisiðanna

Frá Handbókarnefnd þjóðkirkjunnar 2024

Meginreglur messunnar	2
Inngangur	2
Sjö höfuðstef guðsþjónustunnar (sem seinni reglur eru nánari útfærslur á).....	4
Samhengi helgihaldsins.....	4
Festa og fjölbreytileiki mætast í helgihaldinu	4
Þjónusta kirkjunnar (diakonia)	4
Helgihald byggir á þátttöku.....	4
Helgisiðir eiga að vera inngildandi og aðgengilegir fyrir ólíka hópa.....	4
Tungutak.....	5
Tónlist helgihaldsins.....	5
Hlutverk þeirra sem leiða helgihaldið séu sýnileg og skýr.....	5
Heilög ritning og helgihald.....	6
Litúrgískt atferli og hreyfing	6
Tengsl milli skírnar og helgihalds séu undirstrikuð	6
Bænamál helgihaldsins sé aðgengilegt, taki mið af samfélaginu og miði að þátttöku	6
Kvöldmáltíð.....	6
Aðgengi forms.....	7
Meginreglur hinna kirkjulegu athafna (koma síðar).....	7
Meginreglur skrudans (koma síðar)	7

Meginreglur messunnar

Inngangur

Gerð meginreglna er þáttur í starfi margra handbókarnefnda nútímans. Upphaf meginreglna í lúterskum sið má rekja til starfs Lúterska heimssambandsins árið 1957. Þá hafði samkirkjulegt starf gert guðfræðingum og kirkjuleiðtogum ljóst að þótt margt væri sameiginlegt í helgisiðum lúterskra kirkna, bæri þar einnig mikið á milli. Með skrifum meginreglna sem tengdu saman guðfræðilegar grundvallarákvarðanir, skipulag og form með það að markmiði að skapa samfélag milli lúterskra kirkna um guðsþjónustuna.¹ Þessi mikilvægi texti Lúterska heimssambandsins var þýddur á íslensku árið 1966. Fyrstu meginreglur tuttugustu aldar á Íslandi voru síðan ritaðar af Einari Sigurbjörnssyni árið 1980 sem hluti af greinargerð með nýrri handbók.² Þeir studdust við textana frá 1966, sem þar með tengdi íslenska handbókarvinnu við alþjóðlega stefnumörkun í lútersku helgihaldi.

Í meginreglum sem Handbókarnefnd hefur unnið hefur verið stuðst við meginreglurnar frá 1980 auk þess sem reglur annarra lúterskra kirkna við nýrri handbækur hafa verið hafðar til hliðsjónar. Þær urðu til í samtali við presta og djákna á Synodunum 2022, 2023 og 2024 um væntingar til nýrrar handbókar og voru síðan ræddar á Kirkjudögum árið 2024. Þær taka mið af reglum Handbókarinnar 1981, störfum fyrri Handbókarnefnda frá 1981-2016 og þeim niðurstöðum sem hafa komið út úr hópastarfi á Synodum 2022 og 2023. Þær hafa hliðsjón af Skýrslu Alkirkjuráðsins, *Skírn, máltíð þjónusta*, Lima, Perú frá 1982 (hér skammstöfuð SMP), Leuenberg samkomulaginu frá 1973 (hér skammstöfuð LS) og Porvoo yfirlýsingin frá 1992 (hér skammstöfuð PY).³

Meginreglur spretta þannig upp úr jarðvegi iðkunarinnar, þ.e. því helgihaldi sem fer fram í hverri kirkju með öllum sínum sérkennum. Þær kallast einnig á við iðkunina í systurkirkjum og á heimsvísu. Í greinargerðinni frá 1980 var lögð áhersla á þrjár meginreglur, að messuform væri samræmi við megininntak kristinnar trúar, færi fram innan ríkjandi hefðar og tæki mið af ólíkum aðstæðum safnaðanna.⁴

Í Handbókinni 1981 var messunni skipt upp í fjóra meginþætti: Messuupphaf, Þjónustu orðins, Samfélagið um Guðs borð og Messulok. Einkunnarorð þjóðkirkjunnar eru að vera biðjandi, boðandi og þjónandi kirkja. Í þessum drögum að messu íslensku kirkjunnar er gert

¹ Lútherska heimssambandið, „Grundvallarreglur um fyrirkomulag meginguðsþjónustu hinnar evangelísk-lúthersku kirkju,“ þýð. Einar Sigurbjörnsson og Sigurður Steingrímsson, *Orðið: Misserisrit félags guðfræðinema* 3:1-2 (166-67): 29-37.

² Einar Sigurbjörnsson, *Ný handbók fyrir íslensku kirkjuna: Greinargerð fyrir tillögum handbókarnefndar er lagðar verða fyrir synodus og kirkjubing 1980*, Reykjavík, 1980.

³ Alkirkjuráðið, *Skírn, máltíð Drottins, þjónusta: Skýrsla Trúar- og skipulagsmálanefndar Alkirkjuráðsins um skírnina, altarisakramentið og embætti kirkjunnar, sem samþykkt var í Lima, Perú, í janúar 1982*.

Reykjavík: Kirkjuráð: Skálholt, 1984; „Texti Leuenberg samkomulagsins frá 1973,“ þýð. Kristján Valur Ingólfsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dalla Þórðardóttir og Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Annáll Kristjáns Vals Ingólfssonar*, 21. september 2020, sótt 8. apríl 2024 á:

<https://www.kristjanvalur.is/kennsla/2020/9/21/leuenberg-samkomulagi>; „Sameiginleg yfirlýsing frá Porvoo,“ þýð. Halldór Reynisson, Reykjavík: Skálholt, 1995.

⁴ Einar Sigurbjörnsson, *Ný handbók fyrir íslensku kirkjuna*, 6.

ráð fyrir fjórskiptingu messunnar, rétt eins og í Handbókinni 1981. Þessa fjóra þætti nefnir núverandi Handbókarnefnd:

1. Koman
2. Orðið
3. Máltíðin og
4. Sendingin.

Helsta nýsköpun Handbókarinnar 1981 var hvernig samtalinu og samverunni var háttað. Núverandi Handbókarnefnd tekur undir þá þróun en hefur í samræmi við einkunnarorð kirkjunnar beint sjónum sérstaklega að þjónustunni (diakonia) og hvernig hægt sé að lækka þroskulda og bjóða fólk velkomið. Þess vegna má telja að ein stærsta áhersla þessarar tillögu sé áherslan á Komuna og Sendinguna, auk þess sem öll messan ber vott um inngildandi og þjónandi áherslur.

Um drög er að ræða, sem Handbókarnefnd hyggst nýta til umræðna á víðum grunni um ýmis grundvallarviðmið handbókarvinnunnar. Enn er unnið að meginreglum vegna kirkjulegra athafna (casualia) og skróða.

Sjö höfuðstef guðsþjónustunnar (sem seinni reglur eru nánari útfærslur á)

- Guðsþjónusta er haldin á ábyrgð og með þátttöku alls safnaðarins.
- Guðsþjónustan byggir á þekktri og öruggri meginreglu en er um leið opin fyrir fjölbreytni.
- Vel þekktir textar úr hefð kirkjunnar og nýir textar úr samtíma safnaðarins njóta jafnræðis.
- Guðsþjónusta þjóðkirkjunnar er í lifandi tengslum við guðsþjónustu systurkirkna hennar og samkirkjulegt guðsþjónustulíf.
- Gæta þarf þess að tungutak guðsþjónustunnar útiloki engan heldur taki tillit til allra aldurshópa, kynja og hópa.
- Lítúrgískt atferli guðsþjónustunnar þarf að miðast við manneskjuna sem heild; að hún er líkami og andi, hugur og hönd.
- Kristin trú býr að arfleifð hins forna Ísrael sem hún hvorki vill né getur glatað. Jafnframt býr kristið fólk á öllum tímum við þá áskorun sem í því felst og verður að bregðast við henni.

Samhengi helgihaldsins

- Helgihaldið tekur mið af samhengi hefðar, játninga og regluverki kirkjunnar, þ.á.m. innri samþykktum þjóðkirkjunnar
- Helgihaldið bergir stöðugt af brunni heilagrar ritningar.
- Helgihaldið tekur mið af félagslegu, menningarlegu, kynjuðu og landfræðilegu samhengi í ólíkum söfnuðum, stöðum, stofnunum og aðstæðum
- Hafa þarf val um ólíkar guðfræðilegar áherslur sem henta ólíkum söfnuðum og einstaklingum
- Hvatt er til að sumir liðir helgihaldins séu frumsamdir, t.d. bænir

Festa og fjölbreytileiki mætast í helgihaldinu

- Helgisiðir veita öryggi, eru endurteknir og oft lærðir utan að
- Helgisiðir þarfnast endurnýjunar

Þjónusta kirkjunnar (diakonia)

- Guðsþjónusta og díakonía heyra saman
- Þjónustan heldur áfram eftir að messunni er lokið
- Söfnuðurinn á hlutdeild í þjónustunni og þar ríkir jafnræði

Helgihald byggir á þátttöku

- Helgihald miðar að því að því að virkja söfnuðinn og vekja hann til beiðslu
- Helgihald er samstarfsverkefni þeirra sem að helgihaldinu koma

Helgisiðir eiga að vera inngildandi og aðgengilegir fyrir ólíka hópa

- Form verður sveigjanlegt til að mæta ólíkum aðstæðum og færni
- Veita þarf fræðslu og nauðsynlegan undirbúning í upphafi helgihaldsins
- Finna þarf leiðir til að fólki finnist að það sé velkomið í helgihaldið og metið að verðleikum
- Helgihaldið þarf að taka mið af ólíkum tungumálum sem söfnuðurinn talar eftir því sem mögulegt er

- e. Huga þarf að stöðu túlkunar
- f. Tungutak helgisiðanna sé aðgengilegt og gagnsætt
- g. Greiða þarf aðgengi að kvöldmáltíðarsakramentinu, þ.á.m. barna og þeirra sem eiga erfitt með hreyfingu

Tungutak

- a. Tungutak helgisiðanna sé vandað og sæki í sjóð trúar- og Biblíuhefðar
- b. Guðsmyndin sem helgisiðirnir miðla taki mið af ólíkum reynsluheimi kynjanna
- c. Tungutak helgisiðanna taki mið af jafnrétti á víðum grundvelli
- d. Tungutak helgisiðanna taki mið af jafnræði frekar en valdboði
- e. Tungutak helgisiðanna taki mið af ólíkum kynjum

Tónlist helgihaldsins

- a. Í guðspjónustunni er Guðs orði miðlað gegnum allt það sem talað er, sungið, leikið og tjáð með líkamanum.
- b. Kirkjutónlistin er margbreytileg og rúmar bæði safnaðarsönginn og annan tónlistararf kirkjunnar, t.d. orgelverk
- c. Þjóðkirkjan er syngjandi kirkja. Söngur og tónlist tengir fólk á einstakan hátt. Helgihaldið byggir á almennri, litúrgískri þátttöku og almennur söngur hefur grundvallarvægi þ.m.t. við skírn, fermingu, hjónavígslu og útför
- d. Safnaðarsöngurinn er miðlægur í helgihaldinu og endurspeglar menningarlegan og samkirkjulegan fjölbreytileika
- e. Sálmaþók kirkjunnar túlkar og ber vitni um grundvallaratriði kenningar og trúarlífs þjóðkirkjunnar
- f. Sálmaþók kirkjunnar skal notuð við guðspjónustur og helgihald kirkjunnar.
- g. Kirkjukórar gegna mikilvægu sjálfboðaliðastarfi í kirkjunni við miðlun kirkjutónlistar og forsöng í safnaðarsöngnum
- h. Í helgihaldinu koma saman fjölbreytt tónlistarform
- i. Listir skipta miklu máli í helgihaldinu og í kirkjurýminu
- j. Tónlistin hefur mikið gildi fyrir boðun, þátttöku, þjónustu og inngildingu.
- k. Tónlist virkjar líkamann, huggar og tengir saman
- l. Þögn er mikilvægur þáttur í undirbúningi messu og í almennri kirkjubæn.
- m. Tónlist, sakramenti og bæn eru tengd sterkum böndum

Hlutverk þeirra sem leiða helgihaldið séu sýnileg og skýr

- a. Auka þarf samstarf um helgihald á jafnræðisgrundvelli milli þeirra sem að helgihaldinu koma
- b. Þau sem leiða safnaðarsönginn hafa leiðtogahlutverk í helgihaldinu ásamt hinum vígðu þjónum og söfnuðinum
- c. Tilgreint sé hvaða hlutverk sé æskilegt að djáknar leiði í messunni
- c. Tilgreint sé hvaða hlutverk sé æskilegt að óvígðir fulltrúar safnaðarins leiði í messunni
- d. Tilgreint sé hvaða messuliði djáknar geta leitt til jafns við presta

- e. Tilgreint sé hvaða messuliði óvígðir fulltrúar safnaðarins geti leitt til jafns við vígða þjóna.

Heilög ritning og helgihald

- a. Samfélag kristins fólks í helgihaldinu er í nafni Jesú Krists
- b. Í helgihaldinu er fólk kynnt fyrir Biblíunni.
- c. Nauðsynlegt sé að glíma við erfiða texta í stað þess að taka þá út.
- d. Biblíumálið er rót bæna- og helgisiðamáls
- e. Sjóður bæna- og helgisiðamáls heldur áfram að vaxa og hvatt er til nýsköpunar
- f. Ritningarlestrararnir gefi tækifæri á að deila hlutverkum.
- g. Frásagnartextar komi inn sem fjórða röð texta kirkjuársins
- h. Hugað sé að þeim sem úr söfnuðinum sem ekki hafa mikinn grunn í Biblíunni

Litúrgískt atferli og hreyfing

- a. Litúrgískt atferli tjáir að við lofum Guð með líkama okkar.
- b. Taka þarf tillit til ólíkrar færni og fjölbreytilegra líkama
- c. Litúrgískt atferli birtir hefð
- d. Litúrgískt atferli tekur mið af gildi hvíldar í hreyfingu
- e. Litúrgískt atferli undirstrikar virðingu, t.d. þegar biblían er borin fram undir guðspjallslestri
- f. Litúrgískt atferli gefur tækifæri á að deila hlutverkum, t.d. í hreyfibænum

Tengsl milli skírnar og helgihalds séu undirstrikuð

- a. Heimilt sé að nota skírnarminningu í upphafi guðspjónustu
- b. Minnt er á mikilvægi þess að vera inngildandi í garð þeirra í guðspjónustunni sem ekki eru skírð.

Bænamál helgihaldsins sé aðgengilegt, taki mið af samfélaginu og miði að þátttöku

- a. Veita þarf ráðrúm til að einstaklingar í söfnuðinum beri fram bæn frá eigin brjósti, upphátt eða í hljóði. Skapa þarf rými í þögn.
- b. Almenn kirkjubæn sé framlag óvígðra fulltrúa safnaðarins og gjarnan borin fram af fleiri en einum biðjanda. Æskilegt er að djákni safnaðarins leiði vinnu sjálfboðaliða við undirbúning bæna.
- c. Séu samskot tekin er bænin tengd því málefni sem gefið er til
- d. Boðskap prédikunar og texta dagsins má gjarnan tengja inn í bænina.
- e. Kyrrðarbæn og bænaganga geta verið hluti af almennri kirkjubæn í almennri guðspjónustu safnaðarins.
- f. Persónuleg fyrirbæn hentar til fyrirbænaguðspjónustu

Kvöldmáltíð

- a. Máltíð Drottins er þakkargjörð til Föðurins fyrir sköpun, endurlausn og helgun (SMÞ §II. A.3).
- b. Máltíð Drottins er hin mikla lofgjörðarförn sem kirkjan færir fyrir hönd allrar sköpunarinnar (SMÞ II.A.4)
- c. Í máltíð Drottins mætum við Kristi og minnumst Krists (SMÞ II B)

- d. Máltíð Drottins er ákall til Heilags anda (SMP II.C)
- e. Máltíð Drottins er samfélag trúaðra (SMP II.D)
- f. Máltíð Drottins er máltíðin í Guðs ríki (SMP II.E).
- g. Kristur býður sjálfur til máltíðarinnar. Í máltíðinni gefur Kristur okkur sig með brauði og víni. Hann veitir fyrirgefningu syndanna, frelsar til nýs lífs, tengir okkur sem lifandi limi hvert við annað og styrkri okkur til þjónustu við aðra (LS 15b)
- h. Í kvöldmáltíðinni friðþægir Guð heiminn við sig og með því að halda kvöldmáltíðina vænta hin kristnu endurkomu hans í dýrð. (LS 16)
- i. Eftirfarandi þættir verða að vera til staðar í hverju kvöldmáltíðarformi:
 - syndajátning (ef ekki í messuupphafi) og friðarkveðja
 - þakkargjörð og lofgjörð til skaparans
 - innsetningarorð kvöldmáltíðarinnar
 - minning pínu, dauða og upprisú Jesú (anamnesis)
 - ákall um nærveru heilags anda (epiklesis)
 - Faðir vor (borðbæn máltíðarinnar)
- j. Þjónusta og sending eru samofin kvöldmáltíðinni.
- k. Hver þakkargjörðarbæn á að undirstrika systkinasamfélag messunnar (koinonia) þar sem söfnuðurinn er sendur út til þjónustu.

Aðgengi forms

- a. Huga þarf að tæknilegri útfærslu messuskráa
- b. Framsetning messuforma og annarra upplýsinga hjálpi þjónum messunnar í vígðri og óvígðri þjónustu að hafa yfirsýn yfir messuna
- c. Byggja þarf upp gagnagrunn með fjölbreyttu bænarefni og messuskrám sem hægt er að fylla inn í.

Meginreglur hinna kirkjulegu athafna (koma síðar)

Meginreglur skróðans (koma síðar)